



# ANNÁLL 2008

Fréttir úr sveitarfélaginu



**“STYRKURINN ER HÉR  
OG VIÐ EIGUM HEILMIKIÐ INNI”**

## ÁRIÐ 2008 Í DALVÍKURBYGGÐ

Árið 2008 var viðburðaríkt í sveitarfélaginu en á árinu voru 10 ár liðin frá sameiningu Svarfaðardalshrepps, Árskógsstrandarhrepps og Dalvíkur í sveitarfélagið Dalvíkurbyggð.

Í tilefni af afmælinu var m.a. haldin ljósmyndakeppni í ýmsum flokkum og fengu sigurvegarar hennar verk eftir sig birt á ljósmyndasýningu á hafnarbakkanum á Dalvík. Þar voru birtar 10 ljósmyndir úr keppninni auk 10 ljósmynda frá síldarárunum á Dalvík.

Í janúar var sú breyting gerð á samstarfssamningi B lista og J lista sem mynda meirihluta í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar að Svanfríður Jónasdóttir, J lista, verður bæjarstjóri út kjörtímabilið, Hilmar Guðmundsson, B lista verður forseti bæjarstjórnar og Bjarnveig Ingvadóttir B lista formaður bæjarráðs.

Skrifað var undir brunavarnaráætlun fyrir sveitarfélagið en þetta er í fyrsta skipti sem slík áætlun er gerð. Bæjarstjóri sagði við það tækifæri að það sé mjög jákvætt að búið væri að vinna svona umfangsmikla skýrslu sem brunavarnaráætlun er og nú væri um að gera að halda vinnunni sífellt við og uppfæra skjalið þegar þyrfti.



Í febrúar gaf tímaritið Vísbending út lista yfir draumasveitarfélögin þar sem Dalvíkurbyggð lenti í 7. sæti. Einkunnagjöfin byggir á forsendum varðandi skattheimtu, breytingum á íbúafjölda, afkomu sem hlutfalli af tekjum, hlutfalli skulda af tekjum og veltufjárhlutfalli. Dalvíkurbyggð lenti einnig í 7. sæti á Jafnréttisvoginni og hækkaði um sjö sæti, úr 14. upp í 7.

Skrifað var undir hönnunarsamning á milli Dalvíkurbyggðar og AVH ehf vegna byggingar íþróttamiðstöðvar við Sundlaug Dalvíkur en þau mannvirki verða samtengd.

Áætlanir hljóða upp á að mannvirkið verði tekið í notkun í heild sinni í skólabyrjun árið 2010. Húsið er um 2000 fermetrar og inniheldur sal með íþróttavelli af fullri stærð ásamt áhorfendastæðum fyrir um 300 manns, um 160 fm. líkamsræktarsal,



áhaldaymslum og geymslu fyrir útiáhöld vegna íþróttavallar auk baðklefa. Innangengt verður milli baðklefa á neðri hæð sundlaugar og til búningsklefa/vallar í íþróttahúsinu.

**Sundlaug Dalvíkur** stóð fyrir heilsuátaki á árinu sem fjölmargir tóku þátt í. Átakið fólst í aðstoð við æfingar í sundi og líkamsrækt, fræðslu, eftirliti, mælingum og almennri hvatningu til íbúa um að stunda hreyfingu og hollt mataræði. Í framhaldi af áttakinu var ákveðið að bjóða börnum á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu frítt í sund. Það mæltist mjög vel fyrir og voru heimamenn og gestir mjög ánægðir með þetta framtak. Án efa hefur það átt sinn þátt í að fjölga gestum í sund en fjöldi gesta í sundlauginu var sá þriðji mesti frá upphafi þessa árið, eða 47.306, og jókst um rúmlega 4000 gesti.

**Lyfta var** sett upp í Ráðhúsinu og mun hún bæta aðgengi allra að stofnunum og fyrirtækjum sem starfa í húsinu. Við komu lyftunnar sköpuðust forsendur fyrir því að halda bæjarstjórnarfundum í fundarsal Dalvíkurbyggðar á þriðju hæð, en vegna þess að þar var ekki aðgengi fyrir fatlaða voru bæjarstjórnarfundir áður haldnir í Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju. Þá voru settar útihurðir í Ráðhúsið sem opnast sjálfkrafa.

**Í byrjun júní** var undirritaður samningur um skólamáltíðir sem boðnar voru út eftir að samningur við Sláturfélag Suðurlands var ekki endurnýjaður.

Fimm tilboð bárust og var Veisluþjónustan Hafnarbraut 5 ehf í eigu Gústafs Adolfs Þórarinssonar með lægsta tilboðið. Fullkomið eldhús var sett upp í bakaríshúsinu að Hafnarbraut 5 og opnaði síðan veitingastaðurinn Við höfnina á efri hæð hússins í kjölfarið.



**Í byrjun júlí** voru settar upp merkingar við stofnanir Dalvíkurbyggðar. Skiltin segja hvaða stofnun er starfrækt á viðkomandi stað og svo er saga húsanna þar sem sagt er frá byggingarári, hönnuði, verktaka og fleiru skemmtilegu. Sett var upp nýtt götukort af Dalvík, ásamt korti af Dalvíkurbyggð við innkeyrslu á Dalvík. Götukort eru einnig komin við Árskógssand og Hauganes.



**Endurbætur á húsnaði Leikskólans Fagrahvamms** fóru fram í sumar. Kjallari og eldhús voru endurnýjuð að mestu leyti. Starfsmannaáðstaða batnaði til muna við

endurbætur á kjallara, eldhúsið var stækkað, nýjar innréttingar settar upp og hringstigi var lagður á milli hæða. Tréverk ehf. vann verkið.

**Heimasíða Dalvíkurbyggðar** fékk nýtt útlit og er enn verið að vinna í að uppfæra síðuna. Helsta áherslubreyting sem verður á [www.dalvik.is](http://www.dalvik.is) er að með nýju síðunni verður farið í markvissa markaðssetningu sveitarfélagsins í heild.

**Menningarhúsið sem** Sparisjóður Svarfdæla byggir sem gjöf til íbúa Dalvíkurbyggðar er óðum að taka á sig mynd. Þar verður starfsemi Bókasafns Dalvíkur kjarnastarfsemi og salur fyrir tónlistar- og myndlistarviðburði. Stefnt er að því að vígja húsið á vormánuðum 2009.



**Dalvíkurbyggð ritaði undir viljayfirlýsingu** við Greenstone ehf um byggingu allt að 50.000 fermetra gagnavers í sveitarfélaginu. Viljayfirlýsingin stendur til þess að Dalvíkurbyggð mun leggja til lóð undir gagnaver og Greenstone ehf mun sjá um kynningu á möguleikum sveitarfélagsins í þessu efni, hönnun og væntanlega byggingu gagnavers. Vænta má að allt að 20 bein störf geti skapast í sveitarfélaginu og allt að 20 óbein störf.

**Gámasvæði** Dalvíkurbyggðar fór í yfirhalningu á árinu. Það var lokað af með girðingu og starfsmaður ráðinn til þess að hafa umsjón með því. Almenn er álitnið að vel hafi til tekist og hefur umgengi um svæðið batnað til muna. Endurvinnsluflokkum hefur einnig verið fjölgað og núna er hægt að flokka sorpið mun meira en áður. Til að mynda er nú kominn gámur undir plast og líka nytjagámur fyrir húsbúnað og annað sem fólk vill að öðrum gefist kostur á að nýta. Íbúar Dalvíkurbyggðar hafa verið duglegir við að nýta sér þetta en alltaf má þó gera betur og flokka meira.

Á **haustmánuðum** var mannréttindastefna Dalvíkurbyggðar gefin út en félagsmálaráð ásamt félagsmálastjóra hafði veg og vanda af þeirri vinnu. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnhags, ættneris, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Dalvíkurbyggð hefur jafnræði íbúa og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi.

**Samvinna er** nú á milli Bókasafnsins á Dalvík og leikskólanna um bókakoffort. Í koffortinu eru bækur sem börnin geta fengið lánaðar heim eina og eina í senn. Koffortið mun verða á hverjum leikskóla í tvo mánuði og flytjast þá á annan leikskóla. Markmiðið er að bæta aðgengi barna að bókum og hvetja þau til lestrar.



**Í tilefni af Lýðræðisviku sveitarfélaga** í október bauð bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar íbúunum til kynninga á ýmsum viðfangsefnum sveitarfélagsins. Kynnt var vinna við aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar, Mannréttindastefnu Dalvíkurbyggðar ásamt því að sýndar voru teikningar af nýju íþróttahúsi, framtíðaráform um nýtingu Víkurrastar reifuð og starfsemi ungmennaráða kynnt. Allmargir íbúar komu þennan dag í Dalvíkurskóla, kynntu sér verkefnið, fengu sér kaffi og ræddu málin. Á sama tíma fór fram málþing um lífrænan landbúnað undir yfirskriftinni; Sparnaður í aðföngum, herra afurðaverð, jákvæð ímynd og aukin vörugæði.

Í byrjun desember var haldinn **flóamarkaður** á 3. hæð Ráðhússins á Dalvík fyrir tilstuðlan félagsmálaráðs. Fjöldi manns lagði leið sína á markaðinn, sem var opinn 4. og 5. desember og ríkti sannkölluð markaðsstemning á loftinu með jólatónlist, piparkökum og kaffi á könnunni. Það sem ekki gekk út var síðan gefið áfram til góðgerðarmála.

Vinna við **Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar** er nú á lokametrunum. Tillögur að greinargerð og uppdráttum voru sendar lögbundnum umsagnaraðilum í nóvember og hafa allnokkrar umsagnir borist en þó ekki frá öllum. Stefnan er sú að óska eftir því hjá Skipulagsstofnun að Aðalskipulagið geti farið í auglýsingaferli núna í byrjun árs.

**Í ljósi efnahagsaðstæðna** tók Dalvíkurbyggð saman samræmdar upplýsingar inn á sérstakt Upplýsingatorg sem er á heimasíðu sveitarfélagsins. Markmiðið er að samræma og auðvelda aðgang að þjónustu og ráðgjöf á vegum Dalvíkurbyggðar og fleiri aðila. Þar eru hlekkir inn á ýmsar síður á vegum fjölda stofnana í þjóðfélaginu þar sem finna má svör við mörgum þeirra spurninga sem kvikna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þá eru þar upplýsingar um hvert leita megi ef þörf er á aðstoð eða ráðgjöf.

Aukin aðsókn var að **Bókasafni Dalvíkur** árið 2008 og jukust heildarútlán safnsins um rúmlega 500 á milli ára. Útlán ársins voru 12.122 en voru 11.593 árið 2007. Lánþegafjöldinn hefur einnig aukist og er nú 277 einstaklingar. Útlánunum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og vonandi verður svo áfram.

**Framkvæmdir í sveitarfélaginu.** Mikil vinna var lögð í að dreyna skógarreitinn neðan við Brekkusel (Böggvisstaðareit) en reiturinn hefur verið eins og tjörn á vorin og fram eftir sumri. Þá voru stígar lagaðir til, gamlir ruðningar sléttaðir út og nýr stígur gerður í gegnum reitinn. Einnig hefur borðum og bekkjum verið fjölgað í reitnum. Í raun er þetta leynd skógarperla sem ekki margir fara um, en í framtíðinni mun stór skógur sem nú er að vaxa upp bætast við sunnan við þennan reit.

Á Hauganesi voru flestir stærri bakkar meðfram götum eða gangstéttum lagaðir, mold bætt í þá, sléttað og sáð í.

Framkvæmdir við byggingu dælustöðvar og lagningu fráveitulagna og útrásar fyrir Fráveitu Dalvíkur hófust í júlí. Verkið var boðið út í júní og kom það í hlut Steypustöðvarinnar á Dalvík ehf. Þessu verki var að mestu lokið núna um áramótin og eru þá allar útrásir Dalvíkur orðnar sameinaðar í eina og öllu skólpi dælt 400 metra út í sjó. Með þessu uppfyllir Fráveita Dalvíkur ákvæði mengunavarnareglugerðar að fullu.



Hringtúnið á Dalvík var malbikað í ágúst. Dalverk ehf. sá um verkið.

Timburhluti suðurgarðsins í Dalvíkurhöfn var endurnýjaður á árinu og var Guðmundur Guðlaugsson verktaki. Ytri mannvirki hafnarinnar á Hauganesi voru lagfærð seinni hluta sumars. Brimvarnargarðurinn var lengdur og styrktur til þess að skapa meiri ró í höfninni. Verktakinn var Dalverk ehf. Einnig var unnið við sjóvarnir á Árskógsströnd.

**Starfsmenn Dalvíkurbyggðar.** Ýmsar breytingar urðu á starfsfólki bæjarskrifstofunnar á árinu. Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, fjármála- og stjórnsýslustjóri fór í fæðingarorlof og kom Eypór Björnsson í afleysingu fyrir hana. Einnig fór Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðstjóri á Fræðslu- og menningarsviði í fæðingarorlof. Eyrún Rafnsdóttir, sviðstjóri á Félagsmálasviði kom til baka úr fæðingarorlofi en Svana Rún Símonardóttir, sem leysti

hana af, fór til náms í Svíþjóð. Helga Íris Ingólfssdóttir var ráðin í starf fulltrúa á umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar. Margrét Víkingsdóttir var ráðinn upplýsingafulltrúi en Selma Sigurjónsdóttir hætti á árinu. Freyr Antonsson leysti Margréti af fram í nóvember en hún var í fæðingarorlofi fram að þeim tíma. Hafliði Ólafsson var ráðinn starfsmaður Endurvinnslustöðvar Dalvíkurbyggðar en í starfinu felst umsjón með endurvinnslustöðinni en um að ræða um 40% starf. Guðný Jóna Þorsteinsdóttir var ráðinn náms- og starfsráðgjafi en staðan byggir á samkomulagi milli Dalvíkurbyggðar og Vinnumálastofnunar. Um er að ræða tímabundið verkefni sem er liður í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar þorskkvóta. Samkomulagið gildir til loka árs 2009.

Nú um áramótin lét Þóra Rósa Geirsdóttir af störfum fyrir Dalvíkurbyggð og starfar hún nú sem sérfræðingur við Háskólann á Akureyri. Þóra hóf störf sem kennari við Dalvíkurskóla haustið 1973. Hún starfaði sem kennari og sérkennari við Dalvíkurskóla til ársins 1992 er hún réðst til Húsabakkaskóla sem kennari og sérkennari. Hún varð svo skólastjóri við Húsabakkaskóla frá 1996 til 2001 þegar hún tók við starfi kennsluráðgjafa í leik- og grunnskólum Dalvíkurbyggðar, Hríseyjar og Fjallabyggðar, nú síðast eingöngu Dalvíkurbyggðar. Þóra hefur verið stundakennari við grunnskóladeild Háskólans á Akureyri frá 1998 en eins og áður sagði hefur hún nú verið ráðinn sérfræðingur við Háskólann á Akureyri.



Þá urðu breytingar á stjórnendum skóla í sveitarfélaginu. Anna Baldvina Jóhannesdóttir lét af störfum sem skólastjóri Grunnskóla Dalvíkurbyggðar og hóf störf sem sérfræðingur á Fræðslu- og menningarsviði sveitarfélagsins. Anna Baldvina hefur starfað við Dalvíkurskóla síðan 1973 eða í 35 ár, sem umsjónarkennari, sérkennari, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri Dalvíkurskóla. Dalvíkurskóli og Árskógsskóli voru sameinaðir undir merkjum Grunnskóla Dalvíkurbyggðar 2006. Gísli Bjarnason var ráðinn skólastjóri Grunnskóla Dalvíkur frá og með 31. júlí 2008 en hann gengdi áður starfi aðstoðarskólastjóra. Dagbjört Ásgeirsdóttir var ráðin skólastjóri Krílakots en Halla Steingrímsdóttir lét af störfum eftir 20 ára starf. Dagbjört útskrifaðist úr Fóstruskóla Íslands 1993. Hún lauk einnig meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræðum á sviði stjórnunar skólafnana við Háskólann á Akureyri nú í vor.

Hjörleifur Hjartarson var ráðinn verkefnisstjóri við Náttúrufræðisetur að Húsabakka í Svarfaðardal, til eins árs, frá 1. ágúst, og er staðan kostuð af styrk sem fékkst vegna mótvægisáðgerða á sviði ferðaþjónustu. Verkefni Hjörleifs eru fjölbreytt en m.a. verður stofnuð sjálfseignarstofnun um setrið með þátttöku velunnara og áhugafólks. Ráðgert er að Náttúrufræðasetrið verði bakhjarl náttúrutengdrar ferðaþjónustu í Svarfaðardal, að þar verði aðstaða til fræðastarfa, íbúð sem verði til leigu fyrir náttúruvísindafólk og/eða listamenn og að komið verði á fót náttúruskóla þar sem hægt verði að bjóða skólum uppá heimsóknir og fræðslu á sviði náttúru- og umhverfismála.

## UNGA FÓLKID AFREKAÐI ÝMISLEGT Á ÁRINU

**Keppendur frá** félagsmiðstöðinni Pleizinu, Melkorka Guðmundsdóttir og Aron Óskarsson gerðu það gott í Söngkeppni Samfés og fóru alla leið í úrslit.



**15 nemendur** úr 9. og 10. bekk Dalvíkurskóla settu upp barnadagskrá í febrúar sem samanstóð af 5 ævintýrum unnum upp úr verkum Grimmsbræðra. Arnar Símonarson vann handrit og leikstýrði. Pétur Skarphéðinsson sá um ljósaönnun og Kristján Guðmundursson og Aron Birkir Óskarsson um leikmynd og hljóð. Um var að ræða samstarfsverkefni milli Leikfélags Dalvíkur og Dalvíkurskóla.

**Krakkarnir á Hólakoti** opnuðu í mars formlega heimasíðu Krílakots ásamt Höllu Steingrímsdóttur leikskólastjóra. Síðan er á slóðinni [www.dalvik.is/krilakot](http://www.dalvik.is/krilakot) og þar verða birtar myndir úr starfi barnanna ásamt upplýsingum um flest það sem fylgir barni á leikskóla. Mánaðarskrá, matseðill og fréttabréf deilda verða framvegis aðeins aðgengileg á netinu nema foreldrar óski eftir að fá útprentun á þeim.





**Vetrarleikar Krílakots og Fagrahvamms** voru haldnir í kirkjubrekkunni. Kjöraðstæður voru til að renna sér bunu á snjóþotu og sleða. 5 bekkur Dalvíkurskóla kom í heimsókn og aðstoðaði og skemmti sér með krökkunum. Hilmar Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti leikana fyrir hönd bæjarstjórnar fór fyrstu ferðina og leikskólakrakkar, starfsfólk leikskólanna, foreldrar og 5. bekkur fylgdu í kjölfarið.



**Stóra upplestrarkeppnin** fór fram 15. apríl í Dalvíkurkirkju. Þar komu fram átta lesarar, en skáld keppinnar voru að þessu sinni Jón Sveinsson (Nonni) og Steinn Steinarr.

Tveir nemendur, frá skólunum í Dalvíkurbyggð og Ólafsfirði, eru valdir sem fulltrúar síns skóla til að lesa á lokahátíð og úrslit urðu eftirfarandi:

1. Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir, Grunnskóla Ólafsfjarðar
2. Hafsteinn Máni Guðmundsson, Dalvíkurskóla
3. Signý Jónasdóttir, Árskógarskóla



**Eyþór Ingi Gunnlaugsson** sigraði í söngkeppninni Bandið hans Bubba, en 10 manns komust í lokaumferðina. Eyþór hlaut þrjár milljónir króna í verðlaun og stöðu í Bandinu hans Bubba að launum.

**Sonja Björk Jónsdóttir** frá Ytra Garðshorni í Svarfaðardal var kjörin fegurðardrottning Norðurlands og hafnaði síðar í 3. sæti í keppninni um ungfrú Ísland. Í öðru sæti varð Hrönn Blöndal og í fjórða sæti lenti Jara Sól Guðjónsdóttir þær eiga báðar ættir að rekja hingað í sveitarfélagið.

**Hljómsveitin Ofnæmir** hélt sína fyrstu tónleika í Ungó í september. Hljómsveitin Ofnæmir samanstendur af þremur strákum sem heita Aron Óskarsson, Svavar Magnússon og Kristján Guðmundsson. Þetta er ný hljómsveit á hraðri uppleið. Ástæðan fyrir nafninu Ofnæmir, fyrir utan hversu svalt það er, er að bæði Aron og Kristján eru með bráðaofnæmi. Svavar er víst reyndar líka með ofnæmi og það er fyrir meiki, en við förum ekkert nánar út í hvernig hann áttaði sig á því.

## ÍPRÓTTIR

**Sundfélagið Rán** varð 10 ára þann 21. febrúar. Í tilefni afmælisins var haldið framfaramót og boðið upp á tertu í lok mótsins. Mikil aukning hefur orðið á fjölda þeirra sem æfa sund með Rán og í vetur hafa í kringum 20 einstaklingar stundað æfingar þrisvar í viku.

**Skíðafólkið** okkar stóð sig vel á árinu og urðu skíðamenn úr Dalvíkurbyggð fjórfaldir Íslandsmeistarar á Skíðamóti Íslands sem fram fór á Ísafirði. Björgvin Björgvinsson varð þrefaldur íslandsmeistari, í svigi, stórsvigi og samanlögðu.

Kristinn Ingi varð Íslandsmeistari í samhliða svigi. Björgvin átti mjög gott skíðaár og varð meðal annarra afreka sigraði hann keppnina um Álfubikarinn. Hann var einnig kosinn skíðamaður ársins af Skíðasambandi Íslands.



**Íþróttamenn** með rætur að rekja í sveitarfélagið stóðu sig vel á árinu. Atli Viðar Björnsson varð íslandsmeistari í knattspyrnu með félagi sínu FH í fjórða sinn á fimm árum. Hann var einnig ötull við markaskorun en hann gerði 11 mörk í 18 leikjum í sumari. Ásta Árnadóttir landsliðskona í Val varð íslandsmeistari með félagi sínu á árinu auk þess að leggja sitt að mörkum til þess að kvennalandsliðið náði inn í úrslitakeppni Evrópukeppninnar í knattspyrnu sem fram fer á næsta ári. Margir fylgjast eflaust með Heiðari Helgusyni en hann leikur knattspyrnu í Englandi og skorar grimmt með Queens Park Rangers. Heiðmar Felixson leikur handknattleik með Burgdorf í Þýskalandi við góðan orðstír og skorar þar enn drjúgan hluta marka félagsins sem er um þessar mundir í 4. sæti í næst efstu deild. Ekki má heldur gleyma þeim Ingvarabræðrum sem gerðu það gott í hlaupum á árinu og hlupu meðal annars í hinu árlega Mont Blanc hlaupi sem er 166 km. fjallahlaup.

**Sigfríð Valdimarsdóttir** varð íslandsmeistari í sjóstangveiði á árinu í ellefta sinn.

**Dalvík/Reynir** lenti í 3. ja sæti í sínum riðli í 3. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu.

**Helgina 1. – 2. nóvember var haldið** 70 ára afmælimót Brigdefélags Siglufjarðar en það er elsta bridgefélag landsins. Alls tóku 27 pör þátt í mótinu og þar af voru tvö pör frá

Dalvík. Verðlaun voru veitt fyrir fimm efstu sætin og stóð okkar fólk sig glæsilega og lenti í 1. og 5 sæti.

**Íþróttamaður ársins í Dalvíkurbyggð** var kjörinn 30. desember en hlutskarpastur var Björgvin Björgvinsson og hlaut hann titilinn nú í 9. sinn. Aðrir sem fengu tilnefningu voru:

Agnar Snorri Stefánsson – hestaíþróttamaður Dalvíkurbyggðar

Eva Hrönn Arnardóttir – sundmaður Dalvíkurbyggðar

Harpa Lind Konráðsdóttir – frjálsíþróttamaður Dalvíkurbyggðar

Hákon Hafþórsson – körfuknattleiksmaður Dalvíkurbyggðar

Jóhann Hreiðarsson – knattspyrnumaður Dalvíkurbyggðar

Sigurður Ingvi Rögnvaldsson – golfmaður Dalvíkurbyggðar.



## MENNINGARLÍFIÐ BLÓMSTRÆÐI SEM ALDREI FYRR

**Svarfdælskur Mars** var haldinn helgina 14.-16. mars og hófst að venju með heimsmeistarmótinu í Brús en sigurvegarar að þessu sinni voru þau Ásrún Ingvadóttir og Jón Þórarinnsson. Samhliða heimsmeistarakeppninni fór fram keppni í at-brús þar sem keppendur gátu spilað að vild að loknum hverjum kambi í heimsmeistarakeppninni. Í at-brúsnum sigruðu þeir frændur, Jón Kristinn Arngrímsson og Jón Arnar Helgason. Þá voru haldnir tónleikar, fyrirlestrar og söguganga svo eitthvað sé nefnt, en hátíðin endaði síðan með hinum hefðbundna marsi. Að þessu sinni voru 35 pör í marsinum og stjórnaði Ingunn Margrét Hallgrímsdóttir. Hljómsveit Hafliða Ólafssonar lék fyrir dansinum.

**Leikfélag Dalvíkur** setti upp jóladagskrá sem heitir “Er nálgast jólin” og var hún frumsýnd í nóvember. Verkið var samið af heimafólki og innihélt meðal annars þrjú frumsamin leikverk, söng, dans og fróðleik er tengist jólnum. Nemendur í 9. bekk Dalvíkurskóla túlkuðu m.a. gömlu íslensku jólasveinana í kvæðagerð Jóhannesar úr Kötlum, nemendur í 4. bekk Dalvíkurskóla dönsuðu fjörugt jólarokk, söngelskar meyar og sveinar úr byggðalaginu tóku lagið, hljómsveitin Ofnæmir lék og söng tvö jólalög og fleira og fleira. Umsjónaraðilar og leikstjórar sýningarinnar voru þau Arnar Símonarson, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Sólveig Rögnvaldsdóttir.

Ýmis starfsemi var í **Menningar-og listasmiðjunni** að Húsabakka á árinu. Menningarráð Eyþings styrkti þar ýmis námskeið sem haldin voru til dæmis í bókbandi, þæfingu og vefnaði svo eitthvað sé nefnt. Opið er þar á þriðjudags og fimmtudagskvöldum frá 19:00-22:00 og öllum frjálst að kíkja við og nýta sér þá aðstöðu sem þar er í boði.

**Kórarnir okkar** átti gott söngár og sungu við fjölmörg tækifæri. Ekki eru mörg sveitarfélög af þessari stærðargráðu sem geta státað sig af hvorki meira né minna en sjö kórum af öllum gerðum. Karlakórinn, Samkórinn, Mímiskórinn og Kirkjukór Dalvíkurkirkju sungu sameiginlega á söngkvöldi í desember ásamt því að standa fyrir sínum eigin viðburðum. Barnakór Tónlistarskólans söng á jólatónleikum skólans og Kvennakórinn Salka hélt tónleika í lok nóvember. Kirkjukór Stærri – Árskógskirkju kom einnig fram við ýmis tækifæri. Og þá er ekki allt upp talið.

**Heilmikil dagskrá** var á Byggðasafninu Hvoli á árinu. Meðal annars stóð það fyrir sýningum í sýningarkössum Ráðhússins og fjallaði sú síðasta um jólin.

Margmiðlunarskjár með verulegu ítarefni var opnaður á árinu á íslensku og ensku og er hann skemmtileg viðbót við annað fræðsluefni á safninu. Út kom lítið kver á vegum safnsins um skemmtun og dægradvöl í Svarfaðardal og nágrenni og er það annað smákverið sem safnið gefur út. Sumardagskrá safnsins




var mjög fjölbreytt og vel sótt. Í vetur hefur svo verið opið á safninu á laugardögum milli kl. 14:00 og 17:00 og þá er frítt fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þá fékk safnið mjög jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum, en það var Margrét Blöndal þáttastjórnandi sem fjallaði svo vel um safnið í þætti sínum en þar taldi hún að safnið væri eitt hið besta á landinu.

Heildarfjöldi gesta á safnið árið 2008 var 4.260.

**Í október og nóvember** voru haldnir 6 tónfundir í Tónlistarskóla Dalvíkur þar sem flestir nemendur skólans komu fram og spiluðu fyrir gesti. Fjölmargir sóttu þessa tónfundi og stóðu börnin sig eins og hetjur.

**18. nóvember opnaði á bókasafninu sýning** Fjölmenntar sem bar nafnið Allir fá þá eitthvað fallett. Þema sýningarinnar voru jólin eins og nafnið gefur til kynna en einnig var að finna á sýningunni muni frá þema vetrarins sem var Norðurheimskautið og þema síðasta vetrar sem var Mexíkó.



## OG MARGT ANNAÐ SKEMMTILEGT GERÐIST

**Snorri Snorrason** á Krossum hóf samstarf við [www.kindur.is](http://www.kindur.is) en þar getur fólk keypt sína eigin kind og fylgst með henni vaxa úr grasi bæði í myndum og máli. Hægt er að kaupa eigið fé en þá fær fólk að eiga kindina í eitt ár og lömbin sem hún eignast. Að hausti fá svo þeir eigendur sem það kjósa afurðirnar sendar til sín. Einnig er hægt að kaupa fósturfé en þá fær fólk umgengisrétt á kind sína en á ekkert tilkall til afurða. Í báðum tilvikum fær fólk að nefna sína kind og hennar afkvæmi.

**Björgunarsveit Dalvíkur** opnaði nýja vefsíðu á árinu, [www.bjorgunarsveit.net](http://www.bjorgunarsveit.net) og er hægt að skoða allt sem viðkemur starfsemi þeirra þar. Þar er einnig að finna mikið af myndum úr ferðum þeirra og kemur náttúrufegurð Tröllaskagans þar berlega í ljós. Björgunarsveitin á Dalvík er öflugur félagsskapur áhugamanna um útivist og öryggi annarra.

**Kvikmyndafélag Dalvíkurbyggðar** var stofnað í mars og er tilgangur félagssins að festa viðburði í Dalvíkurbyggð á myndband og taka viðtöl við einstaklinga um þróun byggðar og mannlífs.. Stofnendur eru: þeir Freyr Antonsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Aron Birkir Óskarsson, Kristján Guðmundsson, Axel Örn Sigurðsson og Jón Arnar Kristjánsson.

**Í byrjun apríl kom nýr Sæfari í höfn á Dalvík** og fór hann fyrstu áætlunarferð sína 11. apríl. Ferðin tók um þrjár klukkustundir og fimmtán mínútur sem er skemmri tími en gamla ferjan var vön að fara þessa leið. Ný ferjuhöfn á Dalvík var boðin út í október og munu framkvæmdir við hana hefjast núna í vetur. Dalvíkurbyggð ber engan kostnað vegna framkvæmdarinnar sem er á vegum Vegagerðarinnar.



**Kringum Eurovision keppnina** breyttist Dalvík í Eurovision þorp en Friðrik Ómar Hjörleifsson, annar söngvara Eurobandsins, er Dalvíkingur. Farið var í skrúðgöngu, tilboð voru í verslunum og keppnin sjálf sýnd á risaskjá í Víkurröst. Eurovision þorpinu lauk svo með stæl þegar Friðrik Ómar söng fyrir framan Ráðhúsið.



**Dagur barnsins** var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn á Íslandi 26. maí. Íbúar Dalvíkurbyggðar komu saman austur á Böggisstaðasandi og fóru í leiki og byggðu sandkastala og tóku á annað hundrað manns þátt.



**Fjöldi fólks tók þátt í viðburðum á þjóðhátíðardaginn 17. júní**, og var dagskráin með hefðbundnu sniði. 40 manns tóku þátt í 17. júní hlaupi UMFS. Börn fengu andlitsmálningu og fóru ásamt foreldrum í skruðgöngu sem farin var frá Sundlaug Dalvíkur að Dalvíkurkirkju. Í Dalvíkurkirkju var hátíðarstund þar sem fjallkonan ávarpaði gesti en hún var að þessu sinni Karen Lena Óskarsdóttir nýstúdent og dúx frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar flutti hátíðarræðu dagsins og nýstofnaður kvennakór, Salka, flutti þrjú lög. Eftir hátíðarstundina var hlaðborð í safnaðarheimilinu sem knattspyrnudeild Ungmennafélags Svarfdæla stóð fyrir. Elvar Antonsson dreifði karmellum úr flugvél sinni og Slökkvilið Dalvíkur bauð börnum uppá ferð um Dalvík í bíl sínum. Sveinbjörn Hjörleifsson frá hestaleigunni Tvisti teymdi hesta undir börnum við kirkjuna og Björgunarsveitin á Dalvík stóð fyrir kassaklifri í íþróttahúsinu. Um kvöldið var svo sundlaugardiskó og fatasund.



**Gönguvika Dalvíkurbyggðar** var haldin frá 29. júní – 8. júlí. Boðið var upp á sjö ferðir, miserfiðar. Vinsælasta gangan var upp að Steinboganum í Skíðadal en veður þann dag var með eindæmum gott og komu í kringum 70 manns í þá göngu. Góður rómur hefur verið gerður af þessu framtaki og er nú þegar búið að mynda vinnuhóp sem á að skipuleggja næstu gönguviku sumarið 2009.



**Talið er að um 36.000** manns hafi sótt Dalvík heim á **Fiskidaginn mikla**. Geir H Haarde forsætisráðherra var heiðursgestur og flutti ávarp. Óskar Jónsson var heiðraður fyrir sinn þátt í þróun flutninga til og frá Dalvík. Fiskidagurinn mikli 2008 og allt sem að honum snýr tókst í alla staði mjög vel og er það mál jafnt gesta sem skipuleggjenda að hátíðin í ár



hafi verið sú besta frá upphafi, og má þar m.a nefna dagskrána á aðalsviðinu, skipulag, matseðil, veður, einstaka flugeldasýningu og almenna hegðun.

**Húsasmiðjan stóð** fyrir febrúarátaki í kringum Fiskidaginn sem nefndist “Allt í lag fyrir Fiskidag” og veittu þrennar viðurkenningar. Ingvar Guðmundsson, Aðalbraut 4 á Árskógssandi fékk viðurkenningu fyrir snyrtilegast garðinn, ábúendur á Hóli í Svarfaðardal fyrir snyrtilegast býlið og eigendur Tømmunar á Dalvík fengu viðurkenningu fyrir snyrtilegasta fyrirtækið.

**Í september heimsóttu okkur** 5 ungmenni á aldrinum 11 - 13 ára frá vinabæ

Dalvíkurbyggðar, Ittoqqortoormiit eða Scorysbysundi á Grænlandi til að læra að synda.

Þau fóru líka í heimsóknir og nutu skólarnir í sveitarfélaginu þess m.a. að fá þau í heimsókn með fyrirlestur og myndasýningu.

Grænlenku börnin skemmtu sér vel og voru himinlifandi yfir öllu sem fyrir augu þar en þau hafa einnig getað miðlað mörgu merkilegu til jafnaldra sinna hér. Unnið er að því að finna leiðir til

að aðilar í Dalvíkurbyggð geti heimsótt Ittoqqortoormiit við

tækifæri. Enn fremur eru væntingar um samskipti á víðari grundvelli t.d. á sviði ferða- og menningarmála. Starfsfólk margra stofnana Dalvíkurbyggðar ákvað að árið 2008 yrði jólagjöf þess frá vinnustaðnum lögð í sjóð til styrktar þessum vinum okkar í Grænlandi.

**Septembarmánuður var „göngum í skólann” mánuður** en verkefninu er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla. Íslensk börn og fullorðnir sem taka þátt í verkefninu slást þar með í för með mörgum öðrum þjóðum heims. Í Dalvíkurskóla ræddu kennarar við börnin um umhverfismál og heilbrigði ásamt því að hvetja þau til þátttöku í verkefninu.

**Dalvíkurbyggð var með bás** á Sjávarútvegssýningunni sem fór fram í Kópavogi í október, kynnti sveitarfélagið og hina margvíslegu starfsemi sem fram fer við hafnirnar. Básinn fékk jákvæða athygli og var samkomustaður íbúa og ættaðra frá Dalvíkurbyggð sem settust niður og slökuðu á við stóra mynd af Dalvíkurhöfn.



**Útsvarslíð Dalvíkurbyggðar** skipuðu að þessu sinni þau Hjálmar Hjálmarsson og Magni Óskarsson auk Elínar Bjarkar Unnarsdóttir sem kom ný inn í liðið. Fyrsta viðureign liðsins var við Borgarbyggð en því miður töpuðum við þeirri orustu og komumst ekki áfram í næstu umferð.

**Hollvinafélag Húsabakka var stofnað 17. október.** Tilgangur félagsins er að „efla tengsl þeirra sem bera hag Húsabakka í Svarfaðardal fyrir brjósti og stuðla að uppbyggingu Náttúruseturs þar“ eins og segir í lögum félagsins. Hollvinafélagið mun jafnframt eiga beina aðild að sjálfseignarstofnuninni Náttúrufræðisetri Húsabakka.

**Skíðasvæðið á Dalvík** var formlega opnað sunnudaginn 26. október kl. 15:00. Mjög mikið snjóaði á Dalvík dagana fyrir opnunina og má áætla að 60 cm jafnfallinn snjór hafi verið á svæðinu.

Bjarni Gunnarsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og Arnar Símonarson umsjónarkennari 9.

bekkjar höfðu veg og vanda af framkvæmd **Forvarnardagsins á Dalvík**. Farið var í ýmsa skemmtilega leiki í íþróttahúsi Dalvíkur áður en rætt var um gildi forvarna, samveru með fjölskyldunni og mikilvægi heilbrigðra viðfangsefna í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi.



**Fjölmennt var á fyrirtækjapingi** sem haldið var í Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju 6. nóvember. Almennt má segja að gott hljóð hafi verið í fólki og mikill baráttuhugur. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson hjá Saga Capital var með framsögu og í máli hans kom fram að þrátt fyrir erfiða stöðu muni okkar eðlislæga bjartsýni og vinnusemi hjálpa okkur að komast út úr þessum ógöngum og að við munum standa sterkari á eftir. Einnig taldi hann að grunnatvinnugreinarnar eins og sjávarútvegur myndu hjálpa okkur út úr þessu ástandi sem verður að teljast jákvætt fyrir okkar sveitarfélag. Þá fór fram pallborðsumræða en á palli sátu fulltrúar atvinnulífsins auk bæjarstjórans Svanfríðar Jónasdóttur. Engan bilbug var að heyra á fólki þrátt fyrir erfitt ástand og voru allir sammála um það að miðað við stöðuna í dag stæði byggðalagið hér sterkt. Atvinnulíf svæðisins byggist fyrst og fremst á grunnatvinnugreinum og því hægt að vera hæfilega bjartsýnn í núverandi ástandi. Atvinnuástandið er því almennt gott á þessu svæði. Ýmis



nýsköpun var einnig rædd t.d. í landbúnaði og töldu menn að nú væri færi að byggja upp svo að við værum tilbúin þegar næsta hæð skellur á.

Við höfum hér góða ímynd og dugmikið fólk sem kann að takast á við erfiðleikana og standa sterkari eftir. Tækifærin liggja því ekki síst í þeim mannaúði sem nú byggir Dalvíkurbyggð. **Styrkurinn er hér og við eigum heilmikið inni** var eiginlega niðurstaða þingsins!

**Dagur íslenskrar tungu** var haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar. Á Leikbæ lærðu börnin kvæðið Systir mín eftir Jónas Hallgrímsson og Sigurlaug Gunnlaugsdóttir úr félagi eldri borgara kom og sagði börninum frá lífinu í gamla daga. Krílakot hélt upp á daginn með söngfundi þar sem sungin voru fjölmörg skemmtileg íslensk lög. 7. bekkur Dalvíkurskóla heimsótti síðan leikskólann og las fyrir börnin. Í Árskógarskóla var haldin samkoma í bókasafninu en þar komu nemendur úr öllum bekkjum fram og lásu ljóð, sögur eða sungu. Dalvíkurskóli var einnig með dagskrá en þar æfðu 1.-4. bekkur íslensk lög sem þau sungu á Dalbæ, í Ráðhúsinu og í Samkaup/Úrval. Nemendur í 5. bekk fóru í Mímisbrunn og fluttu þar dagskrá, upplestur og frumsamin ljóð. Eldri bekkir skólans unnu með ljóð Steins Steinars.



**Í lok nóvember** lauk Síminn við að setja upp ADSL sírstöð á Árskógssandi og Hauganesi. Þjónustan sem verður í boði í gegnum stöðina á Árskógssandi er ADSL með hámarki 6 Mb/s hraða. Einnig geta þeir sem búa innan 3 km frá sírstöðinni nýtt sér sjónvarp símans með um það bil 20 sjónvarpsstöðvum en ekki myndleigu. Í Svarfaðardal er hægt að fá ADSL í gegnum sírstöðina á Dalvík og geta þeir bæir sem eru innan 5 km markanna náð því. Nú í sumar var Dalvík uppfærð í fulla sjónvarpsþjónustu, það er möguleiki á allt að 87 sjónvarpsstöðvum, myndleigu og fullum internethraða, allt að 12 mb/s. Nú er því stór hluti sveitarfélagsins orðinn tengdur við ADSL. Lengi hefur þess verið beðið að Fjarskiptasjóður sæi til þess að aðrir íbúar sveitarfélagsins fengu viðunandi þjónustu.

**13 manns í Dalvíkurbyggð** á ýmsum aldri stunda nú nám í Grunnmenntaskóla í Námsverinu á Dalvík, en að skólahaldinu standa Námsverið í samstarfi við Símenntunarstöð Eyjafjarðar. Námið er fyrir fólk á vinnumarkaði 20 ára og eldra með stutta formlega skólagöngu, og er ætlað að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms og auðvelda fólki að takast á við núverandi verkefni. Ekki verður um eiginleg próf að ræða á námstímanum, heldur skila nemendur verkefnum, auk þess sem almenn frammistaða þeirra er metin og krafist er 80% mætingarskyldu.



Auk þessa stóð Námsverið fyrir ýmsum námskeiðum sem fjöldi fólks úr sveitarfélaginu sótti.

**Syðra-Garðshorn í Svarfaðardal** var valið ræktunarbú ársins á haustfundi Hrossaræktarsambands Eyfirðinga og Þingeyinga. Þar stunda hrossarækt Ingólfur Arnar Kristjánsson og Valgerður Björg Stefánsdóttir. Hrossarækt í Syðra-Garðhorni er ung að árum og ekki stór í sniðum. Meðaleinkunn sýndra hross frá búinu er því 8,26 og meðalaldur 4,5 ár.

**Hinn eyfirski, Jóla Kaldi og** danskur Royal X-Mas (blár) bera höfuð og herðar yfir aðra bjóra samkvæmt niðurstöðum bragðkönnunar DV. Báðir fengu rúmar fjórar stjörnur að meðaltali hjá fjögurra manna dómnefnd.

**Heilmikið var um að vera í sveitarfélaginu í desember** og var af því tilefni sendur út viðburðabæklingur í öll hús. Íbúar jólaþorpsins í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar fluttu inn 28.nóvember en stemmningin í þorpinu í ár var mjög rómantísk og íbúar staðráðnir í að eiga notaleg jól. Í byrjun desember sendi Dalvíkurbyggð vinabæ sínum á Grænlandi, Ittoqqortoormiit, jólatré en það er orðin hefð.



Bókmenntakvöld bókasafnsins var vel heppnað og var fullt út úr dyrum á veitingastaðnum Við höfnina og eykst aðsóknin ár frá ári. Í ár lásu heimamenn upp úr nýjum bókum og tvær nýjar bækur voru einnig kynntar af höfundunum sjálfum.

Söngkvöld var haldið í Dalvíkurkirkju þar sem fram komu Kirkjukór Dalvíkur, Mímiskórinn, Samkór Svarfdæla og Karlakór Dalvíkur auk einsöngvaranna Kristjönu Arngrímsdóttur og Matthíasar Matthíasarsonar. Óhætt er að segja að þessi kvöldstund hafi tekist vel og allir tónlistarmennirnir skiluðu sínu frábærlega. Eftir að söng kóra og einsöngvara lauk var samsöngur undir stjórn Magnúsar Gunnarssonar prests og tóku tónleikagestir vel undir og sungu sig inn í nóttina.

Ábúendur á Þverá í Svarfaðardal **urðu hlutskarpastir í jólaskreytingakeppninni** að þessu sinni. Að auki fengu sérstakar viðurkenningar Sævar og Ragnheiður fyrir Mímisveg 15 á Dalvík, með fallegar skreytingar í garði og utan á húsi, og Halla og Zophonías fyrir Goðabraut 17 á Dalvík með skemmtilegar gluggaskreytingar og flott heildarútlit.



Fjöldmargir aðrir viðburðir voru í sveitarfélaginu í desember, jólaföndur í skólunum, adventukvöld í kirkjunum, jólamarkaður á Skeiði, kertakvöld og kósíkvöld og konukvöld auk fjölmargra tónlistaruppákoma. Þá var menningarhúsið opnað íbúunum til sýnis með söng og kakói þann 12. desember, en þá komu jólasveinarnir einmitt á svalir kaupfélagshússins á Dalvík.

**Áramótin** fóru vel fram. Flugeldasýning í boði Promens var 29. des. og á gamlársgang voru tvær brennur í sveitarfélaginu, á Böggvisstaðasandi, og á Brimnesborgum.



**Fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar** fyrir árið 2009 var afgreidd 18. desember. Samstaða var um áætlunina sem var unnin sameiginlega af fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn. Útsvarsprósenta í Dalvíkurbyggð verður 13,28%. Verð á skólamat er óbreytt og hefur þá verið óbreytt frá því um mitt ár 2007 og gjöld í tónlistarskóla og leikskóla hækka ekki. Gjald vegna heimaþjónustu er einnig óbreytt. Áfram er ókeypis í Sundlaug Dalvíkur fyrir börn og ungmenni.

Fasteignaskattar eru óbreyttir á milli ára, gjaldskrá hitveitu og vatnsveitu hækka skv. vísitölu sem og leiga á íbúðum í eigu sveitarfélagsins.

Áætlað er að A hluti fjárhagsáætlunar 2009 verði með rétt tæpl. 100 m kr. afgang og samanteknir A og B hlutar eru með afgang uppá tæplega 26m kr. Gert er ráð fyrir að í árslok verði handbært fé um 134 m kr.

Stærsta einstaka framkvæmdin er bygging íþróttahúss.

## AÐ LOKUM

Það má því ljóst vera að heilmikið gerðist í sveitarfélaginu árið 2008 og var árið viðburðaríkt og að mörgu leyti gott ár fyrir sveitarfélagið, þrátt fyrir ýmis áföll á fjármálamörkuðum og óvissu um rekstrargrundvöll fyrirtækja og sveitarfélaga í framhaldi af því. Við búum í sterku samfélagi með traustan atvinnugrundvöll. Hér er fjöldi skapandi einstaklinga og öflugra félagasamtaka. Dalvíkurbyggð hefur því allar forsendur til að vera áfram öflugt sveitarfélag þar sem gott er að búa. Við látum þau orð sem féllu á fyrirtækjapinginu verða einkunnarorð ársins 2008 **“Styrkurinn er hér og við eigum heilmikið inni”**